

Ed.

611. Frumvarp til laga

[288. mál]

um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Í lögum þessum tákna orðið **planta** heilar jurtir og viðarplöntur svo og hluta þeirra. Orðið **mein** tákna frávík frá því, sem heilbriggt má teljast, og **skaðvaldur** þær lifverur og lífræna þætti, er meinum valda á plöntum: veirur (víra), berfrymingar (mycoplasma), bakteríur (bacteria), sveppir (fungi) og meindýr.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra getur samkvæmt lögum þessum gefið út reglugerðir, sem stuðla að því: 1) að hindra eða takmarka innflutning hættulegra skaðvalda til landsins, 2) að hindra eða hamla gegn dreifingu skaðvalda innanlands eða útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, sé það talið gerlegt, og 3) að hindra eða hamla gegn því, að skaðvaldar, sem aðrar þjóðir vilja verjast, berist frá Íslandi til viðkomandi landa. Landbúnaðarráðherra ákveður með hliðsjón af tillögum sérfræðinga í plöntusjúkdómum og meindýrum, hvaða skaðvalda beri að líta á sem svo hættulega, að þeir falli undir ráðstafanir, er lög þessi ákveða.

3. gr.

Til að ná þeim tilgangi, sem nefndur er í 2. gr., getur landbúnaðarráðherra m. a.:

- a) fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna og sett reglur um slíka flutninga,
- b) bannað innflutning, útflutning og dreifingu innanlands á einstökum tegundum skaðvalda, plantna eða afbrigðum þeirra og einnig hluta, er borið geta skaðvald, eins og t. d. mold, húsdýraáburður og umbúðir,
- c) sett það skilyrði fyrir innflutningi, útflutningi eða dreifingu innanlands, að plönturnar séu algjörlega lausar við ákveðna skaðvalda, eða sett ákveðin hámarks mörk um magn skaðvalda,
- d) bannað ræktun tiltekinna plöntutegunda á ákveðnum svæðum eða takmarkað ræktun við plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum,
- e) fyrirskipað jarðeigendum eða ræktendum að gera varnarráðstafanir gegn plöntusjúkdómum og meindýrum á eigin kostnað,
- f) fyrirskipað eyðingu eða sérstaka meðhöndlun á plöntum eða á hlutum, sem geta borið og dreift skaðvaldi (t. d. mold, verkfæri, umbúðir, flutningatæki og geymslustaðir),
- g) fyrirskipað sóttkví undir eftirliti sem skilyrði fyrir innflutningi.

4. gr.

Allir, sem hafa í fórum sínum plöntur, er þeir hafa grun eða vissu um, að beri skaðvald, sem sett hafa verið opinber fyrirsmæli um, eða verði þeir varir við skaðvaldinn sjálfan, ber tafarlaust að tilkynna það þeim aðila, sem landbúnaðarráðherra hefur falið að annast frmkvæmd eða eftirlit með, að settum fyrirsmælum hér að lútandi sé framfylgt. Plöntur eða skaðvald má þá ekki flytja frá einum stað til annars nema með samþykki þessa aðila.

5. gr.

Eigendur plantna, ræktunarstaða, flutningatækja og bygginga eða þeir, sem umráðarétt hafa yfir slíku, skulu án endurgjalds leyfa aðgang, sýnatöku, rannsóknir og aðgerðir (sjá þó 6. gr.), er fyrirskipaðar kunna að verða og nauðsynlegar mega teljast til að ná þeim tilgangi, sem nefndur er í 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Hafi lög þessi verið brotin, skal þeim, er sök á, skylt að framkvæma á eigin kostnað þær aðgerðir, er landbúnaðarráðherra eða umboðsmenn hans fyrirskipa. Ef sá, er sök á, framkvæmir ekki þær aðgerðir, er honum hafa verið settar, má gera þær á hans kostnað. Þegar um er að ræða samræmda herferð gegn ákveðnum skaðvaldi, skal þó greiða kostnað við hana úr ríkissjóði og eyðing uppskeru þá bætt eftir mati dómkvaddra manna.

7. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggir við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 17 frá 31. maí 1927.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þau lög, sem nú eru í gildi varðandi sjúkdóma og meindýr á plöntum, eru frá 31. maí 1927 og heita „Lög um varnir gegn sýkingu nytjajurta“. Lög þessi eru löngu orðin úrelt og er þörf endurskoðunar. Verður hér gerð nánari grein fyrir, hvað átt er við.

Einn mikilvægasti liður í vörnum gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum er eftirlit með innflutningi plantna. Þetta eftirlit er þörf á að endurskipuleggja og endurbæta, en reglugerðin um eftirlit með innflutningi plantna o. fl. frá 19. ágúst 1948 er orðin það úrelt, að erfitt er að framkvæma eftirlit samkvæmt henni. Þessi reglugerð er fyrst og fremst miðuð við innflutning kartaflna og þær kröfur, sem gerðar eru til þess heilbrigðisvottorðs, er fylgja skal innfluttum plöntum, veita einungis einhverja tryggingu gagnvart nokkrum kartöfluskaðvöldum. Ef heilbrigðisvottorð á að veita einhverja tryggingu, verður að taka fram í reglugerðinni nákvæmlega, hvaða skaðvaldar það eru, sem við viljum verjast, og vottorðið á svo að ábyrgjast, að viðkomandi skaðvaldar séu ekki í plöntusendingunni. Það er búið að dragast allt of lengi að endurnýja þessa reglugerð og gera þannig úr garði, að hún veiti tryggingu gagnvart skaðvöldum á öllum tegundum plantna. Byrjað er að undirbúa drög að nýrri reglugerð um innflutning á plöntum, en forsenda þess, að hægt sé að setja slíka reglugerð, er að hinn lagalegi rammi sé fyrir hendi.

Að vísu má segja, að 1. og 2. gr. laganna frá 1927 séu það rúmar, að þær heimili næstum hvað sem er, en athygli skal vakin á því, að í 1. gr. er talað um „hættu-

lega jurtasjúkdóma“ og strangt tekið, nær það ekki yfir meindýr á plöntum. Það er einnig hugsanlegt, að skaðvaldar berist á milli án þess að vera á plöntu, og er því rétt að beina ljósi að skaðvöldunum í stað sjúkdómanna; sem þeir valda.

Í 4. gr. gömlu laganna er kveðið á um upplýsingaskyldu fyrir þá, sem hafa undir höndum plöntur, sem eru sjúkar eða sem geta sýkst, og nefnt sem dæmi vörtupest í kartöflum. Flestir landsmenn hafa undir höndum sjúkar plöntur eða plöntur, sem geta sýkst, en ekki er ástæða til, að tilkynnt sé um öll tilfelli. Nauðsynlegt er að taka fram, að upplýsingaskyldan gildi einungis um þá skaðvalda, sem opinber fyrirmæli hafi verið gefin út um. Einnig er óheppilegt að nefna einn sjúkdóm sérstaklega sem dæmi í lögum og það án latneska heitisins. Gætu menn t. d. ruglað vörtupest saman við vörtukláða, en sá síðarnefndi er mjög algengur sjúkdómur hér.

5. gr. gömlu laganna á ekki heima í lögum, heldur eiga slík fyrirmæli að koma fram í reglugerð um innflutning plantna. 7. gr. er að sjálfsgöðu úrelt með þær sektarupphæðir, sem þar eru nefndar.

Í hinu nýja frumvarpi eru lögín kölluð: „Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum“. Var frumvarpið samið með hliðsjón af norsku, sænsku og dönsku lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar.

1. gr. Skýrgreining á nokkrum mikilvægum orðum.
2. gr. Tilgangur laganna.
3. gr. Helstu aðgerðir, sem landbúnaðarráðherra er heimilt að gripa til, til að ná þeim tilgangi, sem felst í 2. gr.
4. gr. Upplýsingaskylda almennings gagnvart þeim aðila, sem annast skal eftirlit eða framkvæmd með settum fyrirmælum. Í reglugerðum kemur síðan fram, hver sá aðili er, en hann mun í flestum, ef ekki öllum tilfellum vera Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
5. gr. Heimild til handa hinu opinbera til töku sýna og til rannsókna, sem nauðsynlegar mega teljast, til að ná tilgangi laganna.
6. gr. Kveðið á um, hver skuli bera kostnað af nauðsynlegum aðgerðum.
7. gr. Varðandi brot á lögum.

Varðandi hina einstöku liði 3. greinar skal eftirfarandi tekið fram:

a) Þessi liður er augljós og á að heimila eftirlit með inn- og útflutningi og flutningi milli landshluta.

b) Í vissum tilfellum getur verið nauðsynlegt að banna flutning á ákveðnum tegundum plantna, þar sem erfitt er að sjá við rannsókn, hvort plöntur eru smitberar eða ekki og er þá öruggast að banna flutning frá sýktu svæði.

c) Þarfnast ekki skýringar.

d) Nauðsynlegt getur verið að banna ræktun á móttækilegum tegundum einhvern tíma, meðan verið er að svelta ákveðinn skaðvald út. Með plöntur gæddar ákveðnum eiginleikum er t. d. átt við ónæm afbrigði innan sömu tegundar.

e) Þarfnast ekki skýringar.

f) Með sérstakri meðhöndlun er t. d. átt við sóttþreinsun.

Það sem þessi lög þurfa fyrst og fremst að heimila, og þá með sérstökum reglugerðum, er eftirfarandi:

1. Eftirlit með innflutningi á öllum tegundum plantna og plöntuhluta, til að hindra, að hættulegir skaðvaldar berist til landsins með þessum innflutningi.
2. Eftirlit með útflutningi plantna til að tryggja, að skilyrðum viðkomandi landa verði fullnægt þannig, að hægt sé að gefa út fullgilt heilbrigðisvottorð með slíkum sendingum.

3. Eftirlit með og aðgerðir gegn ákveðnum skaðvöldum. Gefa þarf út sérstakar reglugerðir um þá skaðvalda, sem útrýma þarf eða að takmarka útbreiðslu á. Hér má t. d. nefna kartöfluhnúðorminn, en mjög brýnt er að hefja aðgerðir gegn honum. Þar þyrfti að banna kartöflurækt í smituðum görðum um ákveðinn tíma.
4. Eftirlit með ræktun og sölu kartöfluútsæðis til að hindra, að hættulegir skaðvaldar berist með útsæðinu og til að bæta heilbrigðisástand í kartöfluræktinni almennt.